



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health



FAGLEGAR LÁGMARKSKRÖFUR

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr 41/2007, 6. grein

Fótaaðgerðafræðingar

Flokkur heilbrigðisþjónustu	Starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna
Tegund þjónustu	<p>Fótaaðgerðir. Meðferð á fótameinum skv. reglugerð nr. 1107/2012.</p> <p>Sjálfstætt starfandi fótaaðgerðafræðingar starfa á heilbrigðisstofnunum eða á eigin stofum.</p> <p>Þjónusta sem veitt er í heimahúsi skal ávallt vera tengd tiltekinni starfsstofu fótaaðgerðafræðings.</p>
Samskipti við sjúklinga	<p>Fótaaðgerðafræðingar starfa samkvæmt reglugerð nr. 1107/2012 um menntun, réttindi og skyldur fótaaðgerðafræðinga og lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 eftir því sem við á.</p> <p>Í samskiptum við sjúklinga sína skulu fótaaðgerðafræðingar starfa samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, sýna sjúklingum sínum fullan trúnað og virðingu og gæta þagnarskyldu. Þeim ber að sinna upplýsingagjöf í samræmi við viðteknar venjur í heilbrigðiskerfinu eins og t.d. að upplýsa sjúklinga sína um réttindi þeirra og virða sjálffræði til ákvarðanatöku um umönnun og meðferð.</p>
Skráning	<p>Fótaaðgerðafræðingar skulu færa sjúkraskrá samkvæmt reglugerð nr. 1107/2012, lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009, lágmarkskröfum landlæknis og fylgja lögum og reglugerðum um persónugreinanlegar upplýsingar. Varðveisla sjúkragagna hvort sem er á rafrænu formi eða á pappírformi og eyðing þeirra skal vera í samræmi við lög, reglugerðir og tilmæli landlæknis.</p>

Símenntun	Fótaaðgerðafræðingum ber að viðhalda faglegri þekkingu og færni, m.a. með því að sækja framhaldsmenntunarnámskeið, faglega fundi og ráðstefnur.
Mönnun	Fótaaðgerðafræðingum er heimilt að hafa starfsfólk sér til aðstoðar, við annað en meðhöndlun fótameina og fræðslu og starfar ávallt á ábyrgð fótaaðgerðafræðings, nema sérlæg kveði á um annað. Aðstoðarfólk gengst undir sömu kröfur og fótaaðgerðafræðingur um umgengni við sjúklinga og skal gæta trúnaðar.
Húsnæði	Húsnæði starfsstofu skal vera í samræmi við þá starfsemi sem þar fer fram og fylgja kröfum um starfsleyfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga varðandi húsnæði.
Búnaður og tækjakostur	Viðeigandi áhöld og tækjabúnaður til fótaaðgerða, ásamt efnum sem við á. Aðstaða til fullnægjandi hreinsunar áhalda og dauðhreinsibúnaður. Eyðublöð til skráningar, bókhaldsgögn, læsanleg hirsla til að geyma sjúkraskrárgögn og önnur gögn með persónugreinanlegum upplýsingum. Ef notuð er tölva til skráningar og bókhalds skal vinnsluvæði tölvunnar vera læst með aðgangsorði.
Gæðavísar	Sem dæmi um svið er varða gæðavísa og leggja má áherslu á eru: Aðgengi, tímapantanir, upplýsingagjöf, samfella í meðferð og þjónustukannanir.

Gildistími	Samkomulag þetta gildir frá undirskrift landlæknis og verður endurskoðað eftir 5 ár en fyrr ef forsendur þess breytast skv. mati annars hvors aðilans.
-------------------	--

Útgefið	<i>Staður, Seltjarnarnes</i>	<i>Dags.11. júlí 2011</i>
<i>Geir Gunnlaugsson landlæknir</i>	<i>Sólrún Ó. Siguroddsdóttir, formaður Félags Íslenskra fóttaáðgerðafræðinga.</i> <i>Lára Hlökkversdóttir, formaður Félags löggiltra fóttaáðgerðafræðinga</i>	

*Þessar faglegu lágmarkskröfur eru gefnar út á rafrænu formi og birtar á vef Embættis landlæknis, www.landlaeknir.is.
Þær eru unnar í samvinnu við Félag Íslenskra fóttaáðgerðafræðinga og Félag löggiltra fóttaáðgerðafræðinga.*